





Reykjavík, 5. desember 2024
USK24100093

Skólavörðustígur 16 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2024 var lögð fram fyrirspurn Heiðars Darra Bergmann, dags. 8. nóvember 2024, um að breyta notkun 3. hæðar hússins á lóð nr. 16 við Skólavörðustíg úr skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt uppdr. Andrúm, dags. 12. febrúar 2017



Aðalskipulag
Reykjavíkur 2024



Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Skólavörðustíg 16 borgarhluta 2 miðborg og er hluti af miðborgarkjarna M1a.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir stgr 1.181.0, samþykkt 7. mars 2003, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 16 við Skólavörðustíg er 5. hæða hornhús byggt árið 1956. Notkun hússins er fjölbreytt en í kjallara eru vörugeymslur, á jarðhæð er verslun, á 2., 4. og 5.hæð eru íbúðir, á 3.hæð er skrifstofurými.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta notkun 3. hæðar hússins í íbúðarhúsnæði. Þar eru tvær eignir skráðar sem skrifstofur.

Í aðalskipulagi segir um m1a: „Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistipjónustu sbr. þó sérákvæði um hana hér að neðan“

Niðurstaða



- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi sækji um byggingarleyfi til þess að fá að breyta notkun 3. hæðar hússins í íbúðarhúsnæði þar sem það samræmist aðalskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

